

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Bjarni Benediktsson ráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2022

### **Efni: Tækifæri til að lækka verð á blómum með endurskoðun tolla**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til erindis síns til ráðuneytisins 3. febrúar 2021, sem er fylgiskjal við bréf þetta. Þar var vísað til fyrra erindis félagsins og 25 fyrirtækja í blómaverzlun til ráðuneytisins 11. október 2019, þar sem hvatt var til þess að stjórnvöld færu í vinnu við að auka frelsi í innflutningi á blómum og lækka eða fella niður tolla, jafnt verzlun í landinu sem neytendum til hagsbóta. Samhljóða erindi var sent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og hófu ráðuneytin í sameiningu vinnu við endurskoðun blómatolla, öfluðu gagna og kölluðu hagsmunaaðila á fundi.

Eins og rakið var í erindi FA hefur félagið spurzt fyrir um gang vinnunnar nokkrum sinnum. Í júní 2020 fékkst það svar í tölvupósti frá skrifstofu skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu að niðurstaða af hálfu ráðuneytanna yrði komin í málið fyrir lok þess mánaðar og yrði félagið upplýst um hana er hún lægi fyrir. Síðasta efnislega svar sem fékkst var aftur frá skattaskrifstofunni í janúar í fyrra, en þá var málið enn sagt til vinnslu innan beggja ráðuneyta. Hvorugt ráðuneytið hefur svarað erindi félagsins frá því 3. febrúar 2021.

Þetta aðgerðaleyfi ráðuneytanna vekur óneitanlega nokkra furðu FA, enda eru mikil tækifæri í því að breyta úreltu kerfi tolla á blóm, ná fram hagstæðara rekstrarumhverfi blómaverzlnar og stuðla að verulegri verðlækkun fyrir neytendur. Eins og rakið hefur verið í fyrri erindum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins stuðla háir tollar að því að verð á blómum á Íslandi er alltof hátt – FA hefur staðfest dæmi um að í byrjun desember kostuðu túlipanar í matvöruverzlun í Reykjavík 470 krónur stykkið, á sama tíma og túlipanar í matvöruverzlun í Kaupmannahöfn kostuðu 70 krónur stykkið. Það er vissulega óvenjulegt að verðmunur á milli Íslands og nágrannalandanna sé sjöfaldur, en algengt er að hann sé tvö- eða þrefaldur. Vandséð er af hverju íslenzkir neytendur eiga að sætta sig við þau býti.


Í samtali við undirritaðan í hlaðvarpsþættinum „Kaffikróknum“ sem sýndur var í beinni útsendingu á Facebook 15. september sl. var Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra spurður út í vinnu ráðuneytanna við blómatolla og tiltók þá dæmi frá Noregi, þar sem afleiðingar tollalækkunar hefðu verið ófyrirséðar. „Norðmenn fóru í fríverzlunarsamninga við einhverj Afríkurlík og vildu gera vel og segja: Hér eru menn að framleiða vöru sem er eftirspurn eftir í Noregi. Í stuttu máli skilst mér að það sé búið að loka allri blómaframleiðslu í Noregi meira eða minna í kjölfarið. Það er eitthvað svona sem menn bara átta sig á, að skyndilega eru það bara bændur í Afríku sem þjónusta norska markaðinn og það töpuðu margir starfinu sínu í millitíðinni,“ sagði ráðherra.

Að mati FA þarf ekki að hafa áhyggjur af því að umbætur á tollaumhverfi blómaverzlnar muni kollvarpa innlendri framleiðslu. Fyrir því eru m.a. eftirfarandi ástæður:

- Innlendir blómaframleiðendur framleiða ekki nema fáeinar tegundir af blómum í einhverju magni sem máli skiptir. Háir verndartollar eru lagðir á alls konar blóm sem eru alls ekki ræktuð

á Íslandi og þeir tollar vernda þar af leiðandi ekki neitt. Fella má niður þessa tolla án þess að það ógni rekstrargrundvelli hinna fáu innlendu ræktenda. Sú niðurfelling myndi hins vegar gagnast vel tugum fyrirtækja í blómaverzlun og gera þeim kleift að bjóða neytendum breiðara úrval á betra verði.

- Eins og nefnt var í fyrri erindum FA hafa tollkvótar fyrir blóm ekki tekið breytingum í áratugi, þrátt fyrir stækkandi markað. Vaxandi eftirspurn þýðir að gjaldið, sem innflytjendur greiða fyrir kvótana í útboðum, hefur í flestum tilvikum hækkað undanfarin fjögur ár eins og sjá má á línuritinu hér til hliðar. Oft er útboðsgjaldið farið að slaga upp í stykkjatollinn á vörunni, þannig að ávinningurinn af því að flytja vöruna inn á tollkvóta er minni en ella. Ein leið í málinu gæti verið að stækka tollkvótana þannig að þeir nýttust blómaverzluninni betur á „stóru blómadögunum“ á fyrri hluta ársins; bóndadegi, konudegi og Valentínusardegi. Undanfarin ár hafa innlendir blómaframleiðendur engan veginn annað eftirspurn fyrir þessa stóru blómasöludaga, blóm hafa verið skömmtuð til blómaverzlana og verðið verið alltof hátt. Stækkun tollkvóta gæti komið betra jafnvægi á markaðinn, en innlendir framleiðendur engu að síður verið öruggir með að koma sinni vöru út.



- Framboð á innlendum blómum er mismunandi eftir árstímum. Svo dæmi sé tekið, koma íslenskir túlpanar ekki á markað fyrr en skömmu fyrir jól og eru fáanlegir þar til um páska. Vel mætti fara svipaða leið og varðandi tolla á útiræktuðu grænmeti; þeir eru í gildi á ákveðnum tímabilum á meðan innlend framleiðsla er á markaði en þegar ekkert framboð er af innlendra vöru eru engir tollar á innflutningi.

Miklar verðhækkningar eru nú á alþjóðamörkuðum vegna vandkvæða í alþjóðlegum aðfangakeðjum, sem tengjast yfirleitt kórónuveirufaraldrinum. Blómamarkaðurinn er þar ekki undanskilinn. FA hefur séð dæmi um allt að 72% verðhækkningar á innfluttum blómum á undanfögnu ári. Við það bætast miklar hækkningar á flutningskostnaði af völdum faraldursins. Þessar hækkningar ýta eins og aðrar undir verðbólgu, sem hefur ekki verið hærrí í áratug. Að mati FA er skylda stjórnvalda að leita allra leiða til að vinna gegn verðhækkunum og verðbólgu. Lækkun blómatolla er ein sem blasir við.

Blóm gleðja, eins og allir vita, en íslenskir blómabændur geta aðeins fullnægt litlum hluta af innanlandseftirspurn. Það er fráleitt að láta neytendur borga verndartolla sem vernda ekki neitt og dregur til muna úr gleðinni. FA hvetur ráðuneytið því eindregið til að ljúka þeirri vinnu sem hafin var ásamt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (nú matvælaráðuneytinu) og gera breytingar á tollaumhverfi blómaverzlunar á Íslandi. FA og félagsmenn þess eru að sjálfsögðu reiðubúin að funda með ráðuneytinu á ný ef þurfa þykir. Samrit erindis þessa er sent Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra.

FA minnir á að það er óskráð meginregla í íslenskum stjórnáttæknifélagi að hver sá sem ber upp skriflegt erindi við stjórnvald eigi rétt á að fá skriflegt svar nema erindið beri með sér að svars sé ekki vænt, en við setningu stjórnáttæknifélagalaga nr. 37/1993 hafi verið gengið út frá því að þessi regla gilti. Svares við erindi þessu er óskað.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Erindi FA til ráðuneytisins 3. febrúar 2021

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Bjarni Benediktsson ráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2021

## Efni: Niðurfelling tolla á blómum – ítrekun

Félag atvinnurekenda vísar til erindis síns til ráðuneytisins 11. október 2019, þar sem hvatt var til þess að stjórnvöld færu í vinnu við að auka frelsi í innflutningi á blómum og fella niður tolla, jafnt verzluninni í landinu sem neytendum til hagsbóta. Erindinu fylgdi stuðningsyfirlýsing 25 rekstraraðila í blómaverzlun. FA fékk jákvæðar undirtektir við erindi þessu frá fjármálaráðuneytinu, sem hóf vinnu við málið ásamt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Fulltrúar FA og félagsmanna þess sem hafa innflutning á blómum með höndum áttu fund með fulltrúum beggja ráðuneyta í fjármálaráðuneytinu 18. nóvember 2019.

FA hefur síðan grennslazt fyrir um gang vinnunnar í nokkur skipti. Í tölvupósti frá skrifstofu skattamála í fjármálaráðuneytinu 15. júní 2020 fékkst það svar að niðurstaða af hálfu ráðuneytanna yrði komin í málið fyrir lok mánaðarins og yrði félaginu greint frá því er hún lægi fyrir.

Enn spurðist ekkert um lyktir málsins og 21. janúar síðastliðinn, eftir ítrekaða eftirgrennslan, fékk FA þau svör hjá skattaskrifstofunni með tölvupósti að málið væri enn til vinnslu innan beggja ráðuneyta.


Til upprifjunar skulu hér dregin saman þau rök sem FA færði í erindi sínu 2019 fyrir endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi:

- Tollar á blómum urðu útundan þegar ákveðið var að fella niður tolla af öllum vörum öðrum en matvörum árin 2016 og 2017. Rök um tollvernd fyrir innlenda framleiðendur í þágu fæðuöryggis eiga augljóslega ekki við um blóm.
- Gríðarháir tollar á blómum margfalda útsöluverð þeirra og voru tilgreind dæmi þar um. Ætla má að tollar tvöfaldi innkaupsverð algengra pottaplantna og þrefaldi verð á afskornum blómum á borð við túlipana.
- Tollkvótar, heimildir til innflutnings á takmörkuðu magni blóma án magntolls en með verðtolti, svara litlu broti af eftirspurn og hafa ekki breytt árum saman. Mikil umframeftirspurn hefur verið eftir kvótunum allt frá árinu 2018, enda fer markaður fyrir blóm á Íslandi stækkandi. Útboðsgjald, sem innflytjendum er gert að greiða, hefur farið hækkandi (sjá línurit á næstu síðu) og er farið að slaga upp í stykkjatollinn á blómum.
- Háir stykkjatollar hvetja innflytjendur til að flytja inn dýrari vörur, sem gerir blóm að lúxusvöru fremur en daglegri neytluvöru eins og þau eru í flestum nágrannalöndum Íslands.
- Innlend framleiðsla annar engan veginn eftirspurn eftir blómum, jafnvel ekki eftir þeim fáu tegundum sem ræktaðar eru hér á landi. Reglulega er skortur á blómum í blómaverzlunum fyrir stóra „blómadaga.“ Þetta væri ekki vandamál ef innflutningur væri frjáls, en ofurtollar koma niður á bæði verði og úrvali.
- Háir tollar á margvíslegar tegundir blóma vernda ekki neitt, af því að lítil sem engin ræktun er á þeim hér á landi.

- Hagfræðilegu rökin fyrir niðurfellingu blómatolla eru skýr. Tollar hamla alþjóðaviðskiptum og hækka vöruverð. Í skjóli háls verðs á innflutningi geta innlendir framleiðendur haldið uppi verði á sinni vöru.

Allar þessar röksemdir eiga enn við og hefðu að mati FA átt að gefa ráðuneytunum ærna ástæðu til að vinda bráðan bug að því að gera lagfæringar á þessu einkar ósanngjarna tollaumhverfi blómaverzlunarinnar í landinu.

Á þeim rúmlega 14 mánuðum sem liðnir eru frá því ráðuneytin hófu vinnu í framhaldi af erindi FA hefur ýmislegt í rekstrarumhverfi greinarinnar breytt, og fæst til hins betra.



1. Skömmu eftir að ráðuneytin hófu vinnu við endurskoðun blómatolla var gerð breyting á búvöru- og tollalögum, sem tók gildi í ársbyrjun 2020 (lög nr. 152/2019). Með henni var felldur brott sá möguleiki að gefa út svokallaðan skortkvóta, þ.e. tímabundnar heimildir til innflutnings á lægri tollum, vegna skorts á viðkomandi vörum hjá innlendum framleiðendum. Þess í stað voru ákveðin tlltekin tímabil, sem flytja mætti ýmsar vörur, einkum grænmeti, inn án tolla. Engar breytingar voru gerðar á búvöru- eða tollalögum hvað blóm varðar, þrátt fyrir reglulegan og árstíðabundinn skort á blómum. Engin leið er því lengur til að bregðast við skorti á þeim vörum sem innlendir framleiðendur rækta.
2. Með sömu lagabreytingu var aðferð við útboð á tollkvóta breytt og tekið upp svokallað jafnvægisútboð í stað þess að selja kvótana hæstbjóðanda. Eingöngu eitt útboð fór fram með þeirri aðferð, fyrir seinni hluta ársins 2020. Eins og sjá má á línuritinu hér að ofan hafði það jákvæð áhrif á útboðsgjald vegna tollkvóta fyrir pottaplöntur. Með lögum nr. 136/2020 var útboðsaðferðinni breytt tímabundið til fyrra horfs, í eitt og hálft ár. Eins og sjá má á línuritinu leiddi sú breyting til verulegrar hækkunar útboðsgjaldsins. Þessi lagabreyting var rökstudd með því að eftirspurn eftir matvælum hefði dregið saman og nauðsynlegt væri að bregðast við til verndar innlendra framleiðslu. Þau rök eiga augljóslega ekki við um blómamarkaðinn,

sem í fyrsta lagi telst ekki til matvælamarkaðar og hefur í öðru lagi ekki dregið saman í faraldrinum. Eftirspurn eftir blómum á neytendamarkaði hefur þvert á móti aukizt þar sem fólk er meira heima og vill prýða híbýli sín með blómum.

3. Innkaupsverð á erlendum blómamarkaði hefur hækkað vegna heimsfaraldursins, m.a. vegna aukins kostnaðar við ræktun, þökkun og flutninga sökum sóttvarnaráðstafana.
4. Flutningskostnaður blómasendinga til landsins hefur stórhækkað vegna snarminnkaðs framboðs á fraktflugi og hækkana á flutningskostnaði á meginlandi Evrópu.

Rekstrar- og samkeppnisumhverfi blómaverzlunar er því enn erfiðara en það var þegar erindi FA var sent ráðuneytinum, að hluta til vegna aðgerða stjórnvalda og að hluta vegna heimsfaraldursins. FA telur af þeim sökum enn brýnna en áður að fá niðurstöðu í þetta mál og hvetur ráðuneytið eindregið til að ljúka vinnunni og gera tillögur að lagabreytingum sem auka frelsi í innflutningi blóma. Samrit erindis þessa er sent Kristjáni Þór Júlíussyni, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

Félag atvinnurekenda og félagsmenn þess eru að sjálfsögðu reiðubúin að funda með ráðuneytinu um málið ef þurfa þykir.

Virðingarfyllt,

---

Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA